

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 3. september 2021

Tilvísun: 201904046 / 3.2

## Efni: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna iðnaðarsvæðis að Hróðnýjarstöðum

Dalabyggð hefur, með erindum dags. 19. apríl og 16. júní 2021, sent Skipulagsstofnun breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar til staðfestingar skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 15. apríl 2021 ásamt svörum við athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu. Aðalskipulagsbreytingin felst í því að marka stefnu og skipulagsákvæði um allt að 130 MW vindorkuver með allt að 40 vindmyllum auk annarra mannvirkja á 4,19 km<sup>2</sup> iðnaðarsvæði (I8) í landi Hróðnýjarstaða. Hámarkshæð vindmyllanna í miðju hverfils er 150 m og í hæstu stöðu spaða geta vindmyllurnar verið allt að 180 m. Núverandi landnotkun svæðisins er landbúnaður.

Í skipulagsgögnum kemur fram að raforkan frá vindurokuverinu verði tengd inn á Glerárskógarlínu.

Eftirfarandi gögn fylgdu erindinu frá 19. apríl 2021: Fjögur eintök af skipulagsbreytingunni, þ.e. greinargerð dags. 26. maí 2021 með uppdrætti í mkv. 1:100.000, samantekt yfir ferli málsins, afrit af auglýsingum tillögunnar og athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu. Einnig fylgdi samantekt athugasemda og viðbrögð sveitarstjórnar við þeim. Í erindum sveitarfélagsins 16. júní 2021 kemur fram að sveitarstjórn hafi sent þeim sem gerðu athugasemdir svör við athugasemdum en ekki kemur fram hvort niðurstaða sveitarfélagsins hafi verið auglýst.

Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsbreytingunni, skv. 2. mgr. 32 gr. skipulagslaga, lagði stofnunin til að Dalabyggð biði með að taka aðalskipulagsbreytinguna endanlega til afgreiðslu þar til umhverfismati framkvæmdarinnar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum væri lokið, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 20. maí 2021. Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun telji þann ávinning felast í því að þá geti sveitarstjórn tekið afstöðu til þess hvort upplýsingar í matskýrslu framkvæmdaraðila og álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar gefi tilefni til breytinga. Það getur til dæmis varðað umfang og útfærslu uppbyggingarinnar, tengingu virkjunar við raforkuflutningskerfið og mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum. Þess væri jafnframt að vænta að ýmis mikilvæg atriði sem á þessu stigi skortir upplýsingar um eða ríkir óvissa um, liggi skýrar fyrir þegar umhverfismatsferli framkvæmdarinnar væri lokið, t.d. um áhrif á landslag og ásýnd, áhrif á fuglalíf, tengsl við raforkuflutningskerfið og samlegðaráhrif vindorkuversins með áformum um vindorkuver í landi Sólheima, Dalabyggð og í landi Garpsdals í Reykhólahreppi.

Fulltrúar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Skipulagsstofnunar áttu fund 7. júní 2021 um skipulagsverkefni um uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélögunum þar sem kom fram vilji

sveitarfélaganna til að ljúka ferli breytinga á aðalskipulagi þótt að umhverfismati fyrirhugaðra framkvæmda væri ekki lokið. Framangreint bréf Skipulagsstofnunar var tekið til afgreiðslu í sveitarstjórn Dalabyggðar sem samþykkti á fundi 10. júní 2021 að áréttu fyrri beiðni um afgreiðslu aðalskipulagsbreytingarinnar til staðfestingar.

Skipulagsstofnun hefur að nýju farið yfir málgögn og bendir á eftirfarandi atriði sem sveitarstjórn þarf að bregðast við og lagfæra skipulagsgögn því til samræmis áður en unnt er að staðfesta aðalskipulagsbreytinguna:

#### **Landbúnaðarsvæði breytt í aðra landnotkun**

Aðalskipulagsbreytingin felst í að breyta landnotkun frá því að vera skilgreind sem landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði á 419 ha lands. Við undirbúning aðalskipulagsbreytingarinnar þarf sveitarfélaginu að afla leyfis landbúnaðarráðherra til að breyta landnotkun frá því að vera skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðra landnotkun, sbr. 6. gr. þágildandi jarðalaga. Í umsögn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ódags.) við lýsingu skipulagsbreytingarinnar kemur fram að afla þurfi leyfis ráðherra til að taka landið úr landbúnaðarnotum og leggja fram tiltekin gögn sbr. þágildandi 4. mgr. 6. gr. jarðalaga. Í svari sveitarfélagsins við athugasemdinni segir að umsögnin gefi ekki tilefni til viðbragða, landið muni áfram nýtast til beitar en sótt verði um leyfi ráðherra til að breyta landnotkunarflokki. Í bókun sveitarstjórnar þann 15. apríl s.l. var tillaga að breytingunni samþykkt og jafnframt samþykkt að „leysa umrætt svæði úr landbúnaðarnotkun skv. 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004“.

Skipulagsstofnun bendir á að ekki var aflað heimildar ráðherra landbúnaðarmála til að breyta landnotkun á umræddum 419 ha í samræmi við þágildandi ákvæði jarðalaga. Með breytingu á jarðalögum sem tók gildi þann 1. júlí s.l. er það nú á hendi sveitarstjórnar, en ekki ráðherra, að leysa land úr landbúnaðarnotum. Í 5. gr. laganna er kveðið á um að við skipulagsgerð þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í aðra landnotkun skuli sveitarstjórn gera grein fyrir og taka afstöðu til eftirfarandi:

- Hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulags- tillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.
- Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlæg landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breyttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf sveitarfélagið að taka afstöðu til ofangreindra atriða til grundvallar ákvörðunar um breytta landnotkun og gera grein fyrir niðurstöðu sinni í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

#### **Áhrif skipulagsbreytingarinnar á umhverfið**

Í umhverfismati skipulagstillögunnar er ekki gerður samanburður við annan valkost en þann að ráðast ekki í neinar framkvæmdir en um er að ræða uppbyggingu mjög stórra mannvirkja sem munu sjást um langan veg og vera ráðandi í landslagi. Gerð er grein fyrir samlegðaráhrifum uppbyggingar tveggja vindorkuvera í sveitarfélaginu, í landi Sólheima og að Hróðnýjarstöðum. Niðurstaða umhverfismats er neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og landslag og ásýnd, en jákvæð eða óveruleg á aðra umhverfisþætti, hvort sem um er að ræða annað eða bæði vindorkuverin. Athugasemdir sem bást á auglýsingatíma og svör við þeim vekja spurningar um fyrirkomulag uppbyggingar og tengingu við raforkuflutningskerfið auk áhrifa á ýmsa þætti sem er í svörum sveitarfélagsins vísað

til umhverfismats framkvæmdarinnar og nánari útfærslu á síðari stigum svo sem varðandi áhrif á votlendi, haferni og búsvæði álfar og himbrima og áhrif á landslag og ásýnd.

Eins og að framan greinir vinnur framkvæmdaraðili að mati á umhverfisáhrifum vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum og er að vænta að ýmis mikilvæg atriði sem á þessu stigi skortir upplýsingar um eða ríkir óvissa um, liggi skýrar fyrir þegar umhverfismatsferli framkvæmdarinnar er lokið. Rannsóknnum og greiningu á umhverfisáhrifum er ekki lokið að því sem best er vitað.

Vegna umfangs aðalskipulagsbreytingarinnar og þeirrar óvissu sem enn er til staðar um líkleg áhrif uppbyggingar vindorkuversins og tengdra framkvæmda á umhverfið telur Skipulagsstofnun að í skipulagstillögunni þurfi að setja fyrirvara um óvissu um áhrif uppbyggingar vindorkuvers á umhverfið. Það á einkum við um áhrif á landslag og ásýnd, áhrif á fuglalíf og gróðurfar og samlegðaráhrif vindorkuversins með áformum um vindorkuver í landi Sólheima og í landi Garpsdals í Reykhólahreppi. Bent er á að út frá skipulagsgögnum er ekki hægt að segja til um hvað uppbyggingin muni raska stóru votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd en í greinargerð (kafli 1.5) kemur fram að talverður hluti jarðarinnar sé votlendi. Forðast ber að raska votlendi sem nýtur verndar nema brýna nauðsyn beri til og það er sveitarfélagsins að taka afstöðu til þess hvort ríkir almannahagsmunir réttlæti slíka röskun. Þá þarf einnig að vera fyrirvari um tenginguleika og jarðstrengslagnir frá vindorkuveri að tengivirki Landsnets.

### Samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun

Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 20. maí 2021 benti stofnunin á að skilgreina þurfi iðnaðarsvæðið sem varúðarsvæði skv. skipulagsregluferð. Í svari sveitarstjórnar, sbr. bréf dags. 16. júní 2021, kemur fram sú afstaða sveitarfélagsins:

„... að ekki geti átt við að flokka orkunýtingarkosti fyrirfram áður en Alþingi hefur afgreitt þá í gegnum það sem í daglegu tali kallist „rammaáætlun“. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru alveg skýr um það að skylda sveitarfélaga til að taka tillit til rammaáætlunar stofnast ekki fyrr en við samþykkt hennar fyrir viðkomandi svæði eða orkukost og hafa þau þá fjögur ár til að laga skipulagsáætlanir sína að þeirri áætlun, sbr. 7. gr. laganna. Það að gera kröfu til þess að gætt verði ákvæða laga nr. 48/2011 við gerð skipulagsáætlana á svæði þar sem ekki er í gildi rammaáætlun á sér hins vegar ekki stoð í lögum“

Á iðnaðarsvæðinu að Hróðnýjarstöðum er áformuð orkuvinnsla með uppsettu rafafli allt að 130 MW en verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og hafa uppsett rafafi 10 MW eða meira eða uppsett varmaafi 50 MW eða meira, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011. Í 4. mgr. 5. gr. laganna segir: „Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar“. Þannig ber að taka fyrirhugaða orkuvinnslu að Hróðnýjarstöðum til meðferðar í ferli rammaáætlunar til ákvörðunar um flokkun í verndar-, bið- eða nýtingarflokk. Að sama skapi ber að útfæra stefnu og skipulagsákvæði í aðalskipulagi, bæði í greinargerð og á uppdrætti, varðandi vindorkuver að Hróðnýjarstöðum, eins og gildir um virkjunarkosti í biðflokki rammaáætlunar.

Svæði sem falla í biðflokk í rammaáætlun eru skilgreind sem varúðarsvæði í aðalskipulagi sbr. n-lið í gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð. Á slíkum svæðum gilda ákveðnar takmarkanir um nýtingu svæðisins og þarf bæði að sýna takmörkun á landnotkun á uppdrætti og fjalla um í greinargerð. Þegar niðurstaða röðunar um virkjunarkostinn í rammaáætlun liggur fyrir, þarf að gera breytingu á aðalskipulaginu til samræmis þeirri niðurstöðu.

**Stefna sveitarstjórnar**

Setja þarf stefnu og skipulagsákvæði í kafla 3 um alla þætti breytingarinnar þ.m.t. vegi og efnistöku og aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, sbr. kafla 4.3. Einnig skilgreiningu svæðisins sem varúðarsvæðis. Lagfæra þarf misræmi í hæð vindmyllanna í miðju hverfils en á bls. 3 kemur fram að hæðin geti orðið allt að 120 í miðju hverfils og spaðar muni rísa í 180 m hæð en í skipulagsákvæðum á bls. 13 er hámarkshæð í miðju hverfils 150 m. Tilgreina þarf hámarkshæð vindmylla með spöðum.

Beðist er velvirðingar á töfum við afgreiðslu málsins.



Birna Björk Árnadóttir